

Erasmus+

Fullorðinsfræðsla



Nám og þjálfun

Fyrir hverja?

Stofnanir sem starfa á sviði fullorðinsfræðslu geta sótt um styrki fyrir starfsfólk sitt til að sinna kennslu, þjálfun eða annarri starfsþróun í einu af þáttökulöndum Erasmus+.

Markmið dvalarinnar erlendis þarf að tengjast með beinum hætti þörfum stofnunarinnar sjálfar og markmiðum með þáttöku í Evrópusamstarfi (sjá European Development Plan á erasmusplus.is). Sömuleiðis geta stofnanir sótt saman um náms- og þjálfunarstyrki fyrir margar smærri fullorðinsfræðlustofnanir í sama landi í svokölluðu samstarfsneti (consortium).

Til hvers?

Starfsfólk í fullorðinsfræðslu getur sinnt kennslu eða þjálfun hjá samstarfsstofnun erlendis, t.d. með þáttöku í fagtengdum námskeiðum eða vinnustofum eða skipulögðum námsheimsóknum til fullorðinsfræðsluáðila erlendis.

Styrkupp hæðir

Hægt er að sækja um ferða-, uppihalds- og námskeiðsstyrki fyrir starfsfólk til þáttöku í mismunandi verkefnum sem geta varað í 2 til 60 daga. Ferða- og uppihaldsstyrkir eru fastar upphæðir sem taka mið af fjarlægð til áfangastaðar og uppihaldskostnaði í viðkomandi landi.

Umsóknarfrestur 2018

√ 1. febrúar

Nánari upplýsingar á erasmusplus.is

Erasmus+

Fullorðinsfræðsla

Samstarfsverkefni

Fyrir hverja?

Stofnanir sem starfa á sviði fullorðinsfræðslu geta sótt um styrki til að vinna samstarfsverkefni með samstarfsaðilum í öðrum Evrópulöndum. Um er að ræða fullorðinsfræðslustofnanir sem sinna ólíkum markhópum, s.s. símenntunarstöðvar, háskóla sem sinna endur- og símenntun, lítil og meðalstór fyrirtæki, aðila vinnumarkaðar, opinbera aðila, bókasöfn, menningarstofnanir, félagsamtök og stofnanir sem sinna náms- og starfsráðgjöf í fullorðinsfræðslu.

Til hvers?

Samstarfsverkefni veita fullorðinsfræðslustofnunum og öðrum aðilum sem sinna fullorðinsfræðslu tækifæri til að yfirfæra eða prófa nýjar aðferðir eða leiðir í fullorðinsfræðslu í samstarfi við samstarfsaðila í a.m.k. tveimur öðrum þátttökulöndum Erasmus+.

Styrkt verkefni skulu styðja við evrópsk markmið í fullorðinsfræðslu, s.s. þróun nýrra námskráa eða sveigjanlegra námsleiða með áherslu á grunnfærni og lykilhæfni hópa sem þurfa helst á því að halda. Einnig starfsefningu kennara og leiðbeinenda með innleiðingu nýrra kennsluáðferða og tölvutækni, innleiðingu gæða- og raunfærnimats og samstarfi atvinnulífs og fræðsluaðila.

Samstarfsverkefni geta ýmist stuðlað að nýsköpun eða gefið þátttökulöndum tækifæri til að skiptast á reynslu og þekkingu.

Styrkupp hæðir

Verkefni geta varað í 12 til 36 mánuði og er hámarksstyrkur 150.000 evrur á ári. Hægt er að sækja um styrk fyrir verkefnisstjórn, til að greiða starfsmannakostnað, ferðastyrk til að sækja verkefnisfundi og vegna ferða nemenda og starfsfólks á vinnustofur erlendis.

Umsóknarfrestur 2018

√ 21. mars

Sá aðili sem leiðir verkefnið sækir um fyrir allan samstarfshópinn til Landskrifstofu Erasmus+ í sínu landi.

Nánari upplýsingar á erasmusplus.is



Erasmus+